

Nr. 569

13. júní 2017

AUGLÝSING um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Breyting á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga 1 í Mývatnssveit.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 8. mars sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga 1 í Mývatnssveit.

Breytingin felst í því að tveimur byggingarreitum er breytt lítillega. Öðrum (L4) er hliðrað og hinn (P1) er stækkaður og lóðarmörkum breytt þannig að þau nái utan um viðkomandi bílastæði.

Deiliskipulagið hefur hlutið þá málsmæðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Mývatnssveit, 13. júní 2017.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2017